



ÍSAFJARÐARBÆR

**Berist aðildarsveitarfélögum
Velferðarþjónustu Vestfjarða**

Ísafjörður, 3. september 2025
2025010306 MG

Efni: Tilnefning fulltrúa aðildarsveitarfélaga VV í notendaráð fatlaðra

Stofnun notendaráðs fatlaðra á Vestfjörðum hefur átt sér langan aðdraganda en nú hillir undir að ráðið geti hafið störf. Í ákvæðum um notendaráð segir að sveitarfélög skuli sameiginlega tilnefna þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara til setu í ráðinu. Framkvæmdaráð VV hefur fjallað um málið og samstaða um að sveitarfélögin skiptu með sér fulltrúum á grundvelli félagsþjónustusvæða og stærðar. Því er hér með óskað eftir tilnefningu aðalfulltrúa og eins til vara af hálfu Ísafjarðarbæjar, aðalfulltrúa og eins til vara af hálfu Vesturbyggðar, aðalfulltrúa frá Bolungarvíkurkaupstað og varafulltrúa frá Ströndum og Reykhólum. Hagsmunafélög fatlaðra hafa nýverið lokið við tilnefningar af sinni hálfu.

Með von um skjót viðbrögð.

Virðingarfyllst,

Margrét Geirsdóttir

- sviðsstjóri velferðarsviðs -